

Huldar Breiðfjörð og Rúnar Helgi Vignisson

Kennsla í ritlist: smiðjufyrirkomulag

Þó að ekki séu allir sammála um að hægt sé að kenna ritlist hefur slíkt nám verið í boði á Hugvísindasviði Háskóla Íslands allt frá árinu 1987 þegar Njörður P. Njarðvík, rithöfundur og prófessor í íslensku, hóf að kenna stök námskeið á þessu sviði. Ritlist varð síðan aukagrein frá 2002 og hefur verið í boði sem meistaranám frá 2011. Það er því komin allmikil reynsla af slíkri kennslu hérlandis. Námið hefur notið talsverðra vinsælda og vegna fjöldatakmakana hafa færri komist að en hefðu viljað.

Ritlist er nemendamiðað nám og smiðjufyrirkomulag er einkennandi fyrir það, bæði við HÍ og víða annars staðar í heiminum. Smiðja er samfélag þar sem upprennandi höfundar koma saman til að skrifa og ræða um skrif hver annars. Samtalið skilar sér með tímanum í aukinni tilfinningu fyrir aðferðum ritlistarinnar og byggir einnig upp næmi fyrir fagurfræði skrifa. Til þess að samtalið geti orðið innihaldsríkt og frjótt þurfa þátttakendur að vera virkir, mæta í tíma og koma vel lesnir. Það þýðir að þeir hafa mikið um gæði námsins að segja og bera mikla ábyrgð á því. Þess vegna skiptir líka miklu máli að öruggt og hvetjandi vinnusamfélag skapist meðal þátttakenda svo að þeim þyki þægilegt að prófa sig áfram og gefa af sér.

Í þessu erindi verður gerð grein fyrir tilhöggun slíkrar kennslu, hvert hlutverk kennara og nemanda er, og hvað þurfi til að skapa vel heppnaða smiðju. Rætt verður um kosti smiðjufyrirkomulags og galla, m.a. hvernig nemendamiðað nám af þessu tagi getur valdeflt nemandann og hvaða vandamál geta fylgt slíkri kennslu í fjölmennningarlegu samhengi. Í lokin verður rætt hvernig megi meta framlag nemenda, gæði námsgreinarinnar og hverju námið hefur skilað til bókmenntasamfélagsins á Íslandi.